

Plastprent hf.

Ársreikningur 2002

Plastprent hf.
Fosshálsi 17-25
110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Plastprents hf er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ekki er gerður samstæðureikningur fyrir félagið og dótturfélög þess AKO/Plastos hf. á Íslandi og SIA Unifleks í Lettlandi. Starfsemi AKO/Plastos hf. hefur verið aflögð og ekki liggur fyrir ársreikningur SIA Unifleks en Plastprent eignaðist 74,5% hlut í því félagi í október 2002.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 79,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 211,2 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður en hagnaði verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins.

Alþingi samþykkti undir lok ársins 2001 breytingar á lögum um ársreikninga þess efnis að afnema skyldi verðleiðrétt reikningsskil á Íslandi frá ársbyrjun 2002. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um tveggja ára aðlögunartíma þannig að á árinu 2002 verði áfram heimilt að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil. Jafnframt voru verðleiðréttingar afnumdar úr skattalögum og tekur sú breyting gildi frá og með 1. janúar 2002. Stjórn félagsins hefur ákveðið að breyta ekki um reikningsskilaaðferð við gerð þessa ársreiknings og er hann því verðleiðréttur. Ef reikningsskil Plastprents hf. fyrir árið 2002 hefðu verið án verðleiðréttinga hefði afkoma félagsins verið um 11,5 millj. kr. lægri og eigið fé í árslok hefði verið um 197,2 millj. kr.

Hluthafar í árslok voru 207 og er það óbreyttur fjöldi frá fyrra ári. Í árslok áttu eftirtaldir hluthafar meira en 10% af hlutafé félagsins:

	Eignarhluti
Prentsmiðjan Oddi hf.....	15,1%
Landsbanki Íslands hf.....	11,4%
Sigurður Bragi Guðmundsson.....	11,2%
Skeljungur hf.....	11,0%

Stjórn Plastprents hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. mars 2003.

Í stjórn félagsins:

Ásgeir Thoroddsen
Gunnar Sverrisson
Þorgeir Baldursson
Kristinn Björnsson
Einar Sveinsson

Framkvæmdastjóri:

Sigurður Bragi Guðmundsson

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Plastprenti hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Plastprents hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 30. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreiknings og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 13. mars 2003.

Simon Á. Gunnarsson

Margret G. Flóvenz

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýr.	2002	2001
Rekstrartekjur:			
Sala	5	1.247.395	1.449.619
Söluhagnaður		11.214	2.890
		1.258.609	1.452.509
Rekstrargjöld:			
Hráefnis- og vörunotkun		557.376	708.844
Annar framleiðslukostnaður		345.954	348.857
Sölu- og stjórnunarkostnaður		217.538	249.624
Kostnaður vegna AKO/Plastos		11.770	0
Afskriftir	3,15	75.586	96.057
		1.208.224	1.403.382
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		50.385	49.127
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld	3,14	28.793	(134.013)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		79.178	(84.886)
Aðrir liðir:			
Leiðrétting eignarhluta í dótturfélagi		0	8.928
Hagnaður ársins		79.178	(75.958)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2002	2001
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign	19	388.804	402.733
Ahöld og tæki		264.005	324.393
	3,15	<u>652.809</u>	<u>727.126</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í dótturfélögum	2,7,20	100.726	0
Eignarhlutir í öðrum félögum	8,21	10.585	11.008
		<u>111.311</u>	<u>11.008</u>
Fastafjármunir samtals		<u>764.120</u>	<u>738.134</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	9,22	200.561	228.206
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	10,23	219.405	298.808
Aðrar skammtímakröfur		3.044	2.849
Handbært fé		13.866	21.560
Veltufjármunir samtals		<u>436.876</u>	<u>551.423</u>
Eignir samtals		<u><u>1.200.996</u></u>	<u><u>1.289.557</u></u>

31. desember 2002

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2002	2001
Eigið fé:			
Hlutfé	24	241.984	243.264
Yfirverðsreikningur hlutafjár		52.677	52.155
Endurmatsreikningur		92.289	90.193
Annað eigið fé		(175.756)	(254.934)
Eigið fé samtals	25	<u>211.194</u>	<u>130.678</u>
Skuldbindingar:			
Eftirlaunaskuldbinding	27	<u>18.097</u>	<u>18.642</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán		123.022	121.703
Skuldir við lánastofnanir		322.468	342.426
	28,29	<u>445.490</u>	<u>464.129</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		45.666	56.059
Skuldir við tengd félög		78.855	32.782
Viðskiptaskuldir		111.272	158.812
Næsta árs afborganir langtímskulda	29	227.957	377.194
Aðrar skammtímaskuldir		62.465	51.261
		<u>526.215</u>	<u>676.108</u>
Skuldir samtals		<u>971.705</u>	<u>1.140.237</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.200.996</u></u>	<u><u>1.289.557</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á verðleiðréttum kostnaðarreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. Ekki er gerður samstæðureikningur fyrir félagið og dótturfélög þess AKO/Plastos hf. á Íslandi og SIA Unifleks í Lettlandi. Starfsemi AKO/Plastos hf. hefur verið aflögð og ekki liggur fyrir ársreikningur SIA Unifleks en Plastprent eignaðist 74,5% hlut í því félagi í október 2002.
3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn og er í því sambandi fylgt eftirfarandi aðferðum. Miðað er við hækkun vísitölu neysluverðs innan ársins sem var 2,0%.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2002. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 11.463 þús. kr. hjá félaginu. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingafærsla eru færð á eigin fé í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 25.

Erlendir gjaldmiðlar

4. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast hefur er færður í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

5. Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar vara er afhent.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Dótturfélög

7. Eignarhlutir í íslensku dótturfélagi hefur verið færður niður að fullu. Eignarhluti í erlendu dótturfélagi er færður á kostnaðarverði.

Önnur félög

8. Eignarhlutur í félagi skráðu í Kauphöll Íslands er færður á markaðsverði í árslok en eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Skýringar, frh.:

Birgðir

9. Vörubirgðir framleiðsluvara eru metnar til eignar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist. Birgðir endursöluvara eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

Viðskiptakröfur

10. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Tekjuskattsskuldbinding

11. Engin tekjuskattsskuldbinding hvílir á félaginu vegna yfirfæranlegs skattalegs taps. Skattinneign hefur ekki verið færð í ársreikninginn. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok nam um 180 millj. kr.

Ársfjórðungayfirlit

12. Rekstur félagsins greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur 1.1.-31.3.	2. árs- fjórðungur 1.4.-30.6.	3. árs- fjórðungur 1.7.-30.9.	4. árs- fjórðungur 1.10.-31.12.	Samtals 1.1.-31.12.
Rekstrartekjur	303.298	327.393	308.801	319.117	1.258.609
Rekstrargjöld án afskr. ...	(258.377)	(301.652)	(276.010)	(296.599)	(1.132.638)
Rekstrarhagnaður án afskrifta	44.921	25.741	32.791	22.518	125.971
Afskriftir	(20.989)	(19.184)	(18.067)	(17.346)	(75.586)
Rekstrarhagnaður	23.932	6.557	14.724	5.172	50.385
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	24.534	27.664	(4.122)	(19.283)	28.793
Hagnaður	48.466	34.221	10.602	(14.111)	79.178

Laun og launatengd gjöld

13. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2002	2001
Laun	294.205	261.794
Launatengd gjöld	41.094	33.018
	<u>335.299</u>	<u>294.812</u>
Starfsmenn að meðaltali	108	98

Skýringar, frh.:

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2002	2001
Vaxtatekjur og gengismunur eigna	9.000	12.246
Vaxtagjöld langtímaskulda	(45.050)	(70.953)
Vaxtagjöld skammtímaskulda	(10.227)	(5.098)
Gengismunur skulda	85.696	(119.905)
Tap af sölu eignarhluta	(22.089)	
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	11.463	49.697
	<u>28.793</u>	<u>(134.013)</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

15. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1.1.2002	719.024	877.396	1.596.420
Endurmat stofnverðs	14.413	17.529	31.942
Keypt á árinu	0	7.589	7.589
Fært út vegna sölu	0	(25.612)	(25.612)
Stofnverð 31.12.2002	<u>733.437</u>	<u>876.902</u>	<u>1.610.339</u>
Afskrifað 1.1. 2002	316.291	553.003	869.294
Endurmat afskrifta	6.499	11.459	17.958
Afskrift ársins	21.843	53.743	75.586
Fært út vegna sölu	0	(5.308)	(5.308)
Afskrifað 31.12.2002	<u>344.633</u>	<u>612.897</u>	<u>957.530</u>
Bókfært verð 31.12.2002	<u>388.804</u>	<u>264.005</u>	<u>652.809</u>
Afskriftahlutföll	3%	10-30%	

Leigusamningar

16. Áhöld og tæki sem félagið hefur gert kaup- eða fjármögnunarleigusamninga um, eru færð til eignar þrátt fyrir samningsbundinn eignarrétt leigusala. Bókfært verð framangreindra eigna var í árslok 126,3 millj. kr. en eftirstöðvar samninganna á sama tíma voru 83,3 millj. kr.

Skýringar, frh.:

Rekstrarleigusamningar

17. Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um bifreiðar. Skuldbindingar vegna þessara samninga, sem ekki eru færðar í efnahagsreikning, nema samtals 4,0 millj. kr. og eru til greiðslu á næstu 3 árum.

Veðsetningar og ábyrgðir

18. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum sem voru að eftirstöðvum 596 millj. kr. í árslok 2002.

Fasteignamat og vátryggingaverð

19. Vátryggingaverð, fasteignamat og bókfært verð í árslok 2002 greinist þannig:

Brunabótamat fasteignar	712.935
Fasteignamat fasteignar	401.018
Bókfært verð fasteignar	388.804
Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja	710.000

Eignarhlutir í dótturfélögum

20. Í árslok voru dótturfélög félagsins tvö. Engin starfsemi var á árinu hjá AKO/Plastosi hf. Ársreikningur þess félags liggur ekki fyrir og er ekki hluti af samstæðureikningi Plastprents hf. nú fremur en á fyrra ári. Eignarhlutur þessi hefur verið færður niður að fullu.

Í október 2002 eignaðist félagið öll hlutabréf í SIA Unifleks í Lettlandi. 25,5% bréfanna voru seld aftur til framkvæmdastjóra Unifleks á lægra verði en kaupverði. Ársreikningur félagsins liggur ekki fyrir. Eignarhlutinn er því færður á kaupverði sem er í samræmi við áætlað bókfært eigið fé í árslok 2002.

Eignarhlutir í öðrum félögum

21. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Vaki-DNG hf	340	408
Eignarhaldsfélag hlutafélaga hf	208	208
Fljótsbær hf	10	10
Sigurplast hf	300	9.609
Tækniþróun hf	350	350
		<hr/>
		10.585

Birgðir

22. Birgðir í árslok greinast þannig:

Hráefni og hjálparefni	71.535
Vörur í vinnslu	16.725
Fullunnar vörur og endursöluvörur	112.301
	<hr/>
	200.561

Skýringar, frh.:

Viðskiptakröfur

23. Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2002	2001
Niðurfærsla í ársbyrjun	40.153	18.859
Endanlega afskrifaðar kröfur	(24.174)	(2.168)
Óbein niðurfærsla á árinu	9.398	23.462
Niðurfærsla í árslok	25.377	40.153

Eigið fé

24. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 259,6 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 17,6 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

25. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2002	243.264	52.155	90.193	(254.934)	130.678
Keypt eigin hlutabréf	(1.280)	522			(758)
Endurmat eigna			13.559		13.559
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga			(11.463)		(11.463)
Hagnaður ársins				79.178	79.178
Staða 31.12.2002	241.984	52.677	92.289	(175.756)	211.194

26. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Skv. árs- reikningi	Á ársloka- verðlagi
Eigið fé í ársbyrjun	130.678	133.298
Hagnaður ársins	79.178	79.755
Endurmat eigna að frádreginni verðbreytingarfærslu	2.096	
Ahrif liða sem ekki fylgja almennum verðlagsbreytinum		(1.101)
	211.952	211.952

Skuldbindingar

Eftirlaunaskuldbinding

27. Áhvilandi eftirlaunaskuldbinding að fjárhæð 18,1 millj. kr. er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu vegna verðlagsbreytinga er færð meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

Langtímaskuldir

28. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í EUR	231.571
Skuldir í USD	136.312
Skuldir í CHF	46.067
Skuldir í GBP	59.074
Skuldir í JPY	33.113
Skuldir í SEK	8.924
Skuldir í NOK	5.952
	<hr/> 521.013
Skuldir í íslenskum krónum	152.434
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<hr/> 673.447
Næsta árs afborganir	(227.957)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<hr/> 445.490
29. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:	
Árið 2003	227.957
Árið 2004	79.251
Árið 2005	264.377
Árið 2006	56.897
Árið 2007	44.965
Langtímaskuldir samtals	<hr/> 673.447

Atburðir eftir lok uppgjörsárs

30. Stjórn Plastprents samþykkti í lok árs 2002 að stefna að samruna við Rekstrarfélag Sigurplasts ehf. Rekstrarfélag Sigurplasts ehf. var stofnað í árslok 2002 vegna skiptingar Sigurplasts hf. í fasteignafélag og rekstrarfélag. Gert er ráð fyrir að hluthafar í Rekstrarfélagi Sigurplasts ehf. eignist 30% í sameinuðu félagi en hluthafar í Plastprenti hf. 70%.